

Terra umhverfisþjónusta hf.  
Berghellu 1  
Hafnarfjörður 220  
Ísland

8. apríl 2026, Reykjavík  
UOS-4283

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 1. apríl 2026 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Terra umhverfisþjónustu, hf., Hafnarfirði þann 5. mars 2026. Þann 1. apríl 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Förgun úrgangs á athafnarsvæði rekstraraðila er bönnuð. Rekstraraðili losar vatnsblandaðan frostlög í fráveitukerfi á starfsstöð sinni að Berghellu 1, 220 Hafnarfirði.	Opið

Rekstraraðili hefur skilað úrbótaáætlun þar sem kemur fram að vatnsblönduðum leysiefnum verði eftir sem áður safnað í sér flokk og að þessum flokki verði ráðstafað framvegis til Kólku í brennslu. Þetta taki þegar gildi.

### Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 8. tölulið 67. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur Umhverfis- og orkustofnun heimild til að beita stjórnvaldssektum ef rekstraraðili uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis eða önnur ákvæði laganna.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

**Kjartan Guðmundsson**

Sérfræðingur í teymi eftirlits

**Freyr Ævarsson**

Sérfræðingur í teymi eftirlits